

AUGLÝSING um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Leynir, L217813, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 16. ágúst 2023 tillögu að deiliskipulagi fyrir Leyni. Deiliskipulagið tekur til byggingar á íbúðarhúsi ásamt fjórum frístundahúsum, en lóðunum undir frístundahúsin hefur þegar verið skipt úr jörðinni. Aðkoman að lóðunum er af Landvegi 26 gegnum jörðina Leyni, L217813.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 18. október 2023.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 1. nóvember 2023